	Hafnarfjarðarbær
Innk:	26/2 2019
Málsnr:	1810029
Bréfal:	030.0



Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 21. febrúar 2019  
Tilv.: SRN19020030/4.13.1

Með tveimur úrskurðum velferðarráðuneytisins dags. 22. nóvember 2018 var vísað frá kærur fjögurra fulltrúa bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar á þar til greindum ákvörðunum bæjarráðs og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Í úrskurðum velferðarráðuneytisins var tekið fram að hins vegar gæti verið tilefni til að taka málsmeðferð Hafnarfjarðarkaupstaðar til athugunar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga um frumkvæðiseftirlit. Í kjölfarið var Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, settur til að fara með málin eftir að Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, ákvað að víkja sæti við meðferð og töku ákvörðunar um hvort hefja eigi frumkvæðismál á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga vegna ákvörðunar bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar um framkvæmdir og kaup á mannvirkjum í Kaplakrika.


Við meðferð kærumálanna hjá velferðarráðuneytinu var aflað umsagnar bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar um kærurnar. Voru umsagnirnar sendar velferðarráðuneytinu með bréfum Hafnarfjarðarkaupstaðar dags. 22. október og 5. nóvember 2018 ásamt fylgiskjölum. Hefur settur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fengið umræddar umsagnir og gögn í hendurnar. Mun athugun setts ráðherra fyrst og fremst beinast að þeim álitaeinum sem fram koma í téðum kærur hinna fjögurra fulltrúa bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar sem bæjarstjórn hefur áður verið gefinn kostur á að tjá sig um, sbr. tilgreind bréf frá 22. október og 5. nóvember 2018, og eftir atvikum öðrum álitaeinum sem upp kunna að koma við meðferð málsins. Er um að ræða eftirfarandi álitaeini sem kunna að koma til skoðunar að svo stöddu:

1. Var rétt staðið að fundarboði bæjarstjórnarfundar þann 15. ágúst 2018, sbr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga?
2. Var meðferð málsins á bæjarstjórnarfundi þann 15. ágúst 2018 í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 27. gr. sveitarstjórnarlaga?
3. Var ákvörðun bæjarráðs þann 8. ágúst 2018 í samræmi við fyrirmæli 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktir sveitarfélagsins?
4. Voru ákvarðanir bæjarráðs og bæjarstjórnar á tilgreindum fundum þann 8. og 15. ágúst 2018 í samræmi við fyrirmæli 62. gr., 63. gr. og 65. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga?
5. Var ákvörðun bæjarstjórnar á bæjarstjórnarfundi þann 22. ágúst 2018 í samræmi við fyrirmæli 62. gr., 63. gr. og 65. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga?

Áður en settur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra tekur afstöðu til þess hvort málin gefi tilefni til formlegrar umfjöllunar um stjórnsýslu Hafnarfjarðarkaupstaðar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og með vísan til 113. gr. sömu laga, er bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar gefinn kostur á að koma að frekari umsögn og gögnum um erindin kjósi bæjarstjórn svo.

Er þess farið á leit að athugasemdir bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar berist settum samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra eigi síðar en **föstudaginn 15. mars nk.**

Fyrir hönd setts samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra; Guðmundar Inga Guðbrandssonar



Hermann Sæmundsson



Brynjólfur Hjartarson